



Stöðuskýrsla – Jarðhræringar á Reykjanesi

Dagsetning:	12. janúar 2024	Stig:	Hættustig
Tekið saman af:	Dagbjartur Kr. Brynjarsson		
Netfang:	dagbjartur@ferdamalastofa.is	Sími:	659 9099

Samantekt

- Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra ásamt Lögreglustjóranum á Suðurlandi hafa lýst yfir hættustigi vegna hlaups úr Grímsvötnum.
- Fimmtudaginn 11. janúar 2023 hófst hlaup úr Grímsvötnum í kjölfar jarðskjálfta upp á 4.2 sem er stærsti skjálfti í og við Grímsfjöll frá upphafi mælinga þar (1991).
- Gert er ráð fyrir að þetta hlaup sé um það bil 50% minna heldur en síðasta hlaup úr Grímsvötnum sem var í október 2022.
- Gera má ráð fyrir að hámarksrennslu úr Grímsvötnum náist fljótlega eftir helgi og það hámarksrennsli verði við brúnna á Gígjukvísl um það bil einum til tveimur sólahringum seinna.
- Hlaupið ætti því ekki hafa nein áhrif á mannvirki s.s. vegi og brýr.
- Dæmi eru um að eldgos verði í Grímsvötnum eftir að vatn hleypur þaðan. Talið er að skyndilegur þrýstiléttir vegna lækkandi vatnsborðs hleypi af stað gosum.
- Vegna jökulhlaupsins og aukinnar skjálftavirkni verður fluglitakóði fyrir eldstöðina færður á gulan lit, í samræmi við það að eldstöðin sýnir merki um virkni umfram venjulegt ástand.
- Ferðaleiðir austur af Grímsfjalli geta verið varhugaverðar vegna myndunar á sprungum og sigkötlum. Því biðla Almannavarnir til ferðafólks að gæta varúðar á þessu svæði.

Upplýsingar frá Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra

Uppfært 11. janúar kl 14:58

Ríkislögreglustjóri, í samráði við Lögreglustjóran á Suðurlandi, lýsir yfir óvissustigi Almannavarna vegna hlaups sem hafið er í Grímsvötnum.

Samkvæmt Veðurstofunni þá líklegt að hámarksrennsli verði ekki umfram 1.000 m³/s miðað við það vatnsmagn sem safnast hefur í Grímsvötnum. Búast má við að hámarksrennsli í Gígjukvísl við Þjóðveg 1 verði svipað og hámarksrennsli úr Grímsvötnum. Hlaupið ætti því ekki hafa nein áhrif á mannvirki s.s. vegi og brýr. Það þekkist að eldgos verði í Grímsvötnum eftir að vatn hleypur þaðan, það gerðist síðast árið 2004, þar áður árið 1934 og 1922. Mun oftar hefur þó hlaupið úr Grímsvötnum án þess að til eldgoss kæmi.

Ferðaleiðir austur af Grímsfjalli geta verið varhugaverðar vegna myndunar á sprungum og sigkötlum. Því biðla Almannavarnir til ferðafólks að gæta varúðar á þessu svæði.



Upplýsingar frá Veðurstofu Íslands

Uppfært 11. janúar

Í morgun (fimmtudag 11. janúar) kl. 06:53 mældist jarðskjálfti af stærð 4,3 í Grímsvötnum. Það er stærsti skjálfti í Grímsvötnum frá upphafi mælinga (1991). Síðustu daga hefur hægt vaxandi hlaupórói mælst á Grímsfjalli og síðan í gær hefur vatnsmagn í Gígjukvísl farið vaxandi. Jökulhlaup er því hafið úr Grímsvötnum. Líklegt er að jarðskjálftinn í morgun sé vegna þrýstingsléttis í kjölfar upphafs jökulhlaupsins. Síðast varð hlaup úr Grímsvötnum í október 2022 og þar áður í kringum mánaðamót nóvember og desember 2021. Skv. mælingum Jarðvísindastofnunar er vatnsmagn í Grímsvötnum nú talið vera um 0,29 km³ sem er helmingi (50%) meira en fyrir hlaupið 2022 en tæpur þriðjungur vatnsmagns fyrir hlaup í lok árs 2021.

Ekki næst samband við GPS tæki Jarðvísindastofnunar á íshellunni í Grímsvötnum og torveldar það mat á því hversu ört vatnið rennur úr Vötnunum og niður farveginn undir Skeiðarárjökli. Ef miðað er við að atburðarás í þessu hlaupi verði svipuð og í síðustu tveimur hlaupum má gera ráð fyrir að hámarksrennsli úr Grímsvötnum verði um eða fljótlega eftir komandi helgi. Hámarksrennsli í Gígjukvísl við Þjóðveg 1 næst svo um 1-2 sólarhringum seinna. Miðað við það vatnsmagn sem safnast hefur í Grímsvötnum er líklegt að hámarksrennsli verði ekki umfram 1.000 m³/s. Búast má við að hámarksrennsli í Gígjukvísl við Þjóðveg 1 verði svipað og hámarksrennsli úr Grímsvötnum. Hlaupið ætti því ekki hafa nein áhrif á mannvirki s.s. vegi og brýr. Dæmi eru um að eldgos verði í Grímsvötnum eftir að vatn hleypur þaðan. Talið er að skyndilegur þrýstiléttir vegna lækkandi vatnsborðs hleypi af stað gosum. Síðast varð atburðarásin slík árið 2004 og þar áður 1934 og 1922. Mun oftast hefur þó hlaupið úr Grímsvötnum án þess að til eldgoss kæmi, og hafa 12 hlaup komið frá Grímsvötnum eftir 2004 án þess að eldgos hafi fylgt í kjölfarið. Síðast varð eldgos í Grímsvötnum árið 2011, en það var ekki í tengslum við jökulhlaup þaðan.

Vegna jökulhlaupsins og aukinnar skjálftavirkni verður fluglitakóði fyrir eldstöðina færður á gulan lit, í samræmi við það að eldstöðin sýnir merki um virkni umfram venjulegt ástand.


Hér eru myndir úr vefmyndavél á brúnni yfir Gígjukvísl. Efri myndin er tekin að morgni 9. janúar og sjást sandeyrar ofan yfirborðs t.h. Þær eru alveg horfnar undir vatn á síðari myndinni, sem tekin er fyrir hádegi 11. janúar.



Mynd 1 Gíjjukvísl 9. janúar kl 15:35



Mynd 2 Gíjjukvísl 11. janúar kl 10:35



Mynd 3 Kort af áætlaðri hlaupleið úr Grímsvötnum niður í Gígjukvísl á Skeiðarársandi.



Veðurstofan mun ásamt vísindamönnum Jarðvísindastofnunar Háskólans halda áfram að vakta Grímsvötn og verða reglulega birtar upplýsingar um þróun atburðarásarinnar.

Frá Ferðamálastofu

Uppfært 12. janúar

Ferðamálastofa sendir út stöðuskýrslu á Aðgerðastjórn ferðaþjónununnar ásamt ferðaþjónustufyrirtæki á Suðurlandi. Þá birtir Ferðamálastofa stöðuskýrsluna einnig á vef sínum.

Frekari upplýsingar veitir Dagbjartur í dagbjartur@ferdamalastofa.is eða 6599099

